

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að stæði fyrir framan Lækjargötu 2A verði merkt sem stæði fyrir vöruafhendingu.
Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í sleppistæði við Lindargötu 66.
Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum norðan Grjótháls, frá Hálsabraut að Bitruhálsi.
Að bílaumferð úr botnlanga Ægisíðu 115-119 skuli víkja fyrir bílaumferð um Ægisíðu á biðskyldu.
Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.
2. Eftirtaldar gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:
 - a. Yfir Meistaravelli austan húss nr. 19-23.
 - b. Yfir Hofsvallagötu vestan Ásvallagötu.
 - c. Yfir Bríetartún austan Þórunnartúns.
 - d. Yfir Nóatún sunnan Sóltúns.
 - e. Yfir Engjaveg móts við hús nr. 6.
 - f. Yfir Skeiðarvog og húsagötu samsíða götunni, móts við hús nr. 97-107.
 - g. Yfir Háaleitisbraut sunnan Hvassaleitis.
 - h. Yfir Fjallkonuveg norðan Reykjafoldar.
 - i. Yfir Fjallkonuveg miðja vegu milli Reykjafoldar og Logafoldar.
 - j. Yfir Borgaveg austan Strandvegur.
 - k. Yfir Borgaveg vestan biðstöðvar strætó í Spöng.
 - l. Yfir Borgaveg austan biðstöðvar strætó í Spöng.
 - m. Yfir Korpúlfsstaðaveg við biðstöð strætó milli Bakkastaða og Brúnastaða.Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.
3. Bílastæði norðan Bríetartúns austan Þórunnartúns verði fyrir hreyfihamlaða.
Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.
4. Að umferð eftir Grandavegi skuli víkja fyrir umferð á Eiðsgranda.
Ofangreint sé merkt með A06.11 biðskyldu og viðeigandi yfirborðsmerkingu, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 31. mars 2021.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.